

---

## FUNDARGERÐ

<b>Fundur:</b>	<b>66. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Mánudagur 18. maí 1998, kl. 09:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Nordel gögn um truflanir ársins 1997.</b> <b>2) Stuðlar um afhendingu raforku.</b> <b>3) Heimasíða fyrir START hópinn.</b> <b>4) Hagnýting viðhaldsgagna.</b> <b>5) Fjöldi truflana í samanburði við nágrannaþjóðirnar.</b> <b>6) Önnur mál</b>

---

Á fundinn mættu:

START:	Guðmundur I. Ásmundsson Rúnar Svavar Svavarsson Pétur E. Þórðarson Hreinn Jónasson Ólafur Pálsson
Orkustofnun:	Bergur Jónsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) JV dreifði töflu yfir NORDEL gögn ársins 1997 fyrir Ísland og töflum sem sýna samanburð við síðustu ár. GIÁ benti á að fjöldi truflana á 220 kV aflrofum væri óvenjumikill og ætlar hann að skoða það. Einnig benti hann á að í sumum tilvikum væri fjöldi/lend eininga svo lítil hér að ein truflun hefði mikil áhrif á tíðni truflana og lítið er þá að marka slíkar tölur í samanburði við tölur frá öðrum þjóðum. Spurning væri hvort sleppa ætti slíkum tilvikum. Fundarmenn töldu rétt að halda þessu inni þar sem fjöldinn/lendin kemur fram í Nordel skýrslunni og menn geta því átta sig á þessu. PEP benti á að hér á landi væru 66 kV með beint jarðtengdu núlli sem ekki væri gefinn kostur á í Nordel gögnunum.
- 5) Í framhaldi af umræðu um Nordel gögnin var skoðaður samanburður á truflunum hér á landi og meðtali Nordel og gögnum frá Norður Ameríku. Í sumum flokkum er tíðni mun hærri hér á landi en hjá Nordel og á það

sérstaklega við um lægri spennurnar. JV benti á að grunsamlegt væri að hjá Nordel lækkar tíðni með lækkandi spennu sem gæti bent til þess að það vantaði inn í gögnin fyrir lægri spennurnar. Ákveðið var að ræðu um þetta við fulltrúa í STÖRST hópnum hjá Nordel. Tölur frá Kanada eru aftur á móti hærri en hjá Nordel og varðandi orkuver eru þær mun hærri en hér á landi. Varðandi aflrofa og aflspenna eru þær svipaðar og hér á landi. GIÁ sagði að tíðni truflana væri mun meiri í Norður Ameríku en í Evrópu þar sem mun minna væri lagt í kerfið þar. JV benti á að skilgreiningar gætu verið á annan veg í Kanada og var honum falið að athuga hvort ekki væri hægt að fá slíkar upplýsingar. GIÁ benti á að eftir að samkeppni var komið á í raforkuvinnslu víða erlendis hefði orðið erfiðara að fá gögn um truflanir í orkuverum en auknar kröfur væru gerðar um upplýsingar varðandi truflanir í flutningskerfum þar sem einokun væri á þeirri starfsemi.

- 2) JV sagðist hafa sent fundarmönnum drög að greinargerð um stuðla um afhendingu raforku. BJ benti á að nota afl í stað álags. GIÁ sagði að í mörgum tilvikum hentuðu ekki sömu stuðlarnir fyrir Landsvirkjun og dreifiveiturnar og tók JV undir það. JV benti sérstakleg á stuðul sem flokkar truflanir eftir alvarleika og sagði áhugavert að nota hann. Þá væri eðlilegt að setja upp ferli sem slík tilvik fara í þegar þau koma upp svo sem að taka saman upplýsingar um truflun fyrir æðstu stjórnendur. Fundarmenn ætla að skoða betur þessa greinargerð fyrir næsta fund.
- 3) JV dreifði einu blaði með hugmynd að heimasíðu fyrir START. Fundarmönnum fannst þetta áhugavert en JV sagði að það tæki að hámarki eina viku að setja þessa síðu upp ef sleppt væri að setja inn upplýsingar um truflanir. GIÁ benti á að áhugavert væri að setja inn pósthfang þannig að menn gætu smellt á það og sent skilaboð til hópsins. Ákveðið var að setja upp þessa síðu sem fyrst og munu fundarmenn síðan skoða hana og koma með athugasemdir þannig að hægt verði að taka hana formlega í notkun í haust.
- 4) GIÁ sagði að Landsvirkjun hefði bætt skráningu viðhalds til að þessar upplýsingar nýttust betur svo sem við að skoða aðgengi kerfisins, til að stjórna viðhaldi og til að meta líftímakostnað. Nú er reynt að sundurgreina viðhaldið eftir einingum og samræma það því viðhaldskerfi sem er í notkun. Hann sagði að það væri greinilegt að viðhaldkerfi hentuðu ekki til þeirrar úrvinnslu sem hér um ræðir og mundu þeir því áfram nota skráningarkerfi rekstrartruflana í þessum tilgangi. Hann sagði að algengt væri að rafveitur væru farnar að líta á afhendingarþáttinn í heild sinni og þá væri um að ræða fyrirvaralausar truflanir,

viðhald og fleiri þætti og taldi hann að START hópurinn ætti að stefna inn á þessa braut. Nokkuð var rætt almennt um viðhaldskerfi og kóðun eininga í kerfinu svo sem með KKS. Ákveðið var að ræða frekar um þennan þátt á næsta fundi.

- 6) ÓP sagði að skýrsla um truflanir undangenginna ára væri komin í útgáfu og yrði hún send til fundarmanna þegar hún verður tilbúin.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður í haust. Fundi slitið kl. 11:50.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn: “Stuðlar um afhendingu raforku”. Drög 1 (JV)

Dreift var á fundinum: Oppgörelsa over fejl og anlæg til Nordel fejlstatistik. Ar 1997”. (JV)

Töflur með upplýsingum um truflanir síðustu 10 ára og samanburður við nágrannaþjóðirnar. (JV)

Tillaga að heimasíðu fyrir START hópinn. (JV)